

Mál nr. 182/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Víkurvegi 19. apríl 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.6.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-9.
2. Bréf V-1 dags. 24.5.2016.
3. Bréf V-2 dags. 11.7.2016.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var beygt til vinstri í vesturátt á gatnamótum Þúsaldar og Víkurvegjar. A ók fyrir aftan B. Ökumaður A segir ökumann B hafa tekið beygjuna á undan yfir á hægri akrein, en A hafi fylgt á eftir á vinstri akrein og segir ökumaður A að stuttu eftir að báðar bifreiðarnar hafi beygt inn á Víkurveginn hafi ökumaður B beygt yfir á vinstri akrein í veg fyrir A og árekstur orðið. Ökumaður B segir að A hafi verið að reyna að komast fram úr B þegar árekstur varð.

Álit.

Ökumenn greinir þannig á um aðdraganda árekstursins og ekki er unnt af gögnum málsins að skera úr um það hvort annar ökumaður ber sök á árekstrinum umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 19.8.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.